



Dreifibréf embættis landlæknis Nr. 1/2025 Tilkynning frá sóttvarnalækni

Reykjavík, 23. september 2025
2509031/0.5.2

Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Inflúensubóluefni verður tilbúið til afhendingar frá dreifingaraðila 9. október nk.

Inflúensubóluefni veturinn 2025–2026 skv. samningum sóttvarnalæknis við Vistor er:

[Vaxigrip](#) - 90.000 skammtar skv. samningi við útboð 2019 og viðauka-samningum 2021.

Dreifingu bóluefnis í október verður forgangsraðað til heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila en aðrir sem fá úthlutað bóluefni geta pantað frá **23. október**. Tilhögun verður kynnt almenningi.

Magn bóluefnis, sem aðilar sem sinna bólusetningum geta pantað, miðast við magn sem pantað var 2024–2025. Frá **1. desember** falla niður merkingar á bóluefni sem ekki hefur verið pantað.

Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Distica hf., á höfuðborgarsvæðinu og á pósthús eða við-eigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefnið hjá Distica greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna skv. samningum sóttvarnalæknis við Vistor og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi septembermánaðar 2025. Aðilar sem óska eftir að **sækja** bóluefni til Distica geta fengið það afhent **31. október** eða síðar.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- **Börn undir 5 ára aldri** sem náð hafa 6 mánaða aldri við bólusetningu.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, offitu, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Fólk í starfstengdri áhættu vegna samsmits árlegrar influensu og fuglainfluensu sbr. [frétt í okt. 2023](#)

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu hvar sem bólusetning fer fram. Um komugjöld hjá heilsugæslu/heimilislækni vegna komu eingöngu vegna inflúensubólusetningar gildir [reglugerð 1582/2024](#).

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa en þá þarf að senda reikning á [rafrænu formi](#) til embættis landlæknis fyrir **1. júní 2026**.

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir í tölvupósti: juliana.hedinsdottir@landlaeknir.is

Sóttvarnalæknir